kvæðisrétt hefur, og tilkynna honum um leið, hvenær kjörseðillinn skuli kominn í hendur hennar aftur. Kjörseðlar skulu sendir í ábyrgðarpósti milli kjósenda og kjörstjórnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

20. maí 1965. Nr. 59.

LÖG

um Landsvirkjun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur setja á stofn virkjanafyrirtæki, er nefnist Landsvirkjun. Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili, er hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkisins og Reykjavíkurborgar og á hvor aðili um sig helming fyrirtækisins. Hvor aðili um sig er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins, en um innbyrðis ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum. Hvorugum aðila er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis hins.

2. gr.

Tilgangur Landsvirkjunar er:

1. Að byggja og starfrækja mannvirki til vinnslu og flutnings á raforku til almenningsnota og iðnaðar.
2. Að selja raforku í heildsölu til rafmagnsveitna sveitarfélaga, rafmagnsveitna ríkisins og iðjufyrirtækja, að svo miklu leyti sem héraðsrafmagnsveitur eða rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki milligöngu um raforkusölu til slíkra iðjufyrirtækja.
3. Að annast í samvinnu við raforkumálastjóra áætlanagerð um nýjar aflstöðvar og aðalorkuveitur á orkuveitusvæði Landsvirkjunar.

3. gr.

Starfsemi Landsvirkjunar skal í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun. Sýni áætlanir, að hagkvæmt sé að leggja aðalorkuveitur frá orkuverum Landsvirkjunar til annarra orkuveitusvæða, skal einnig heimilt að tengja þau orkuverum fyrirtækisins. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar gerðir.

Landsvirkjun er heimilt með samningum að kaupa orkuver og aðalorkuveitur frá öðrum aðilum og starfrækja þessi mannvirki.

Verkefni og orkuveitusvæði Landsvirkjunar skal nánar tilgreint í reglugerð.

4. gr.

Landsvirkjun tekur við öllum eignum Sogsvirkjunar og eimhverfilsstöð Reykjavíkurborgar við Elliðaár ásamt áhvílandi skuldum svo og rekstri þessara mannvirkja með öllum réttindum og skyldum, er honum fylgja. Jafnframt tekur Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og í Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell.

5. gr.

Ríkið og Reykjavíkurborg leggja Landsvirkjun til sem endurgjaldslaust stofnframlag eignir þær og réttindi, sem greinir í 4. gr. Í sameignarsamningi aðilanna um Landsvirkjun skal gerð nánari grein fyrir þessum framlögum og endurskoðuðu bókfærðu verðmæti þeirra.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að ríkissjóður leggi Landsvirkjun til sem höfuðstól allt að 50 millj. kr. gegn jöfnu framlagi frá Reykjavíkurborg. Af höfuðstól þessum greiðir Landsvirkjun aðilum arð frá sjöunda rekstursári að telja, skv. nánari ákvörðun í reglugerð.

6. gr.

Landsvirkjun er heimilt að reisa allt að 210 þús. kW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til þess að tryggja rekstur hennar.

Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

7. gr.

Til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur er aflstöðvar eða aðalorkuveitur, skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim, sem fer með raforkumál, uppdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkjanna, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

8. gr.

Stjórn Landsvirkjunar skal skipuð sjö mönnum. Sameinað Alþingi kýs þrjá stjórnarmenn hlutfallskosningu og borgarstjórn Reykjavíkur kýs þrjá. Ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur skipa sameiginlega sjöunda manninn, og skal hann vera formaður. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun oddamannsins, skal hann skipaður af Hæstarétti.

Varamenn jafnmargir skulu kosnir og skipaðir á sama hátt.

Kjörtími stjórnarinnar skal vera 6 ár í senn. Heimilt er að endurskipa stjórnarmenn.

Nánari ákvæði um starfshætti stjórnarinnar og starfskjör stjórnarmanna skulu sett í reglugerð.

9. gr.

Stjórn Landsvirkjunar hefur á hendi yfirstjórn á rekstri fyrirtækisins, framkvæmdum þess og undirbúningi þeirra.

Stjórn Landsvirkjunar ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu. Framkvæmdastjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, og skal hann eiga sæti á stjórnarfundum.

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og framkvæmdastjóra skulu sett í reglugerð.

10. gr.

Stjórn Landsvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og staðfesta reikninga fyrirtækisins. Enn fremur er eignaraðilum hvorum um sig heimilt að tilnefna endurskoðanda til að endurskoða reikningana. Ársskýrsla fyrirtækisins skal lögð fyrir eignaraðila til staðfestingar innan þriggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs.

Nánari ákvæði um reikningshald og endurskoðun skal setja í reglugerð.

11. gr.

Stjórn Landsvirkjunar ákveður, að fengnum tillögum Efnahagsstofnunarinnar, heildsöluverð Landsvirkjunar á raforku. Skal raforkuverðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við rafmagnsveitur ríkisins, héraðsrafmagnsveitur og iðjuver, innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kWst á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess, er fer með raforkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.

12. gr.

Heimilt er Landsvirkjun að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Fyrirtækið getur ekki skuldbundið eignaraðila að því er snertir greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig. Þó þarf Landsvirkjun ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir eru minna en sem svarar 10 millj. kr. á ári að meðaltali á hverju 5 ára tímabili.

13. gr.

Við virkjun Landsvirkjunar í Þjórsá við Búrfell, sbr. 5. gr., skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, svo og til eldsneytisaflstöðva Landsvirkjunar.

Niðurfelling gjalda samkvæmt 1. mgr. nær ekki til vinnuvéla vegna framkvæmdanna. Fjármálaráðherra er þó heimilt að fresta innheimtu aðflutningsgjalda og söluskatts af þeim, eða hluta þeirra, gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar. Gjöld þessi falla niður, ef vélarnar og tækin eru flutt úr landi að loknum framkvæmdum. Að öðrum kosti skulu gjöldin miðast við matsverð véla og tækja.

14. gr.

Þegar hafin verður virkjun Landsvirkjunar við Búrfell í Þjórsá, sbr. 5. gr., er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að ríkissjóður láni Landsvirkjun allt að 100 millj.

kr. með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður, enda standi slíkt lán að baki stofnlánum annarra aðila til þessara virkjunarframkvæmda.

15. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar að fjárhæð allt að 1204 millj. króna (28 millj. dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. málsgr. Lánið endurlánar hún Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

16. gr.

Landsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skal Landsvirkjun greiða sýslusjóðum og sveitarsjóðum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Landsvirkjunar samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

17. gr.

Eigendum Laxárvirkjunar er heimilt að ákveða, að Laxárvirkjun sameinist Landsvirkjun. Náist ekki samkomulag milli eigenda Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar um eignarhlutdeild aðila og nýjan sameignarsamning, skulu dómkvaddir menn meta eignir hvors fyrirtækis fyrir sig og fer þá eignarhlutdeildin eftir því mati. Verði eignarhlutur ríkisins samkvæmt þessu undir helmingi, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að ríkissjóður leggi Landsvirkjun til nýtt fjárframlag eða taki að sér greiðslu skulda, þannig að tryggð verði helmingseign af hálfu ríkisins.

Eftir sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun skulu aðilar skipa sjö menn í stjórn fyrirtækisins í hlutfalli við eignarhlutdeild, þó þannig, að allir aðilar eigi a. m. k. einn mann í stjórn þess. Ráðherra skipar formann úr hópi þingkjörinna fulltrúa og fer hann með tvö atkvæði við atkvæðagreiðslur stjórnarinnar, ef heimild í 1. mgr. til að tryggja ríkissjóði helmingseign hefur verið notuð, en ella með eitt atkvæði.

18. gr.

Ráðherra getur heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkv. lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fari eftir lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

19. gr.

Mál, er varða framkvæmd laga þessara og aðild ríkisins að Landsvirkjun, falla undir ráðherra þann, er fer með raforkumál.

20. gr.

Við gildistöku laga þessara skal stjórn fyrirtækisins skipuð og sameignarsamningur gerður milli aðila. Skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. júlí 1965. Frá þeim tíma fellur niður núverandi umboð stjórnar Sogsvirkjunar, en hin nýja stjórn Landsvirkjunar kemur að öllu leyti í hennar stað.

Stjórn Landsvirkjunar undirbýr í samráði við eignaraðila reglugerð fyrir fyrirtækið, þar sem setja skal nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Reglugerðina

setur ráðherra sá, sem fer með raforkumál. Setningu reglugerðar og yfirfærslu allra eigna og skuldbindinga í hendur hins nýja fyrirtækis skal lokið fyrir 31. desember 1965, en þá falla úr gildi lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, lög nr. 26 23. apríl 1951 og lög nr. 67 24. apríl 1954, um viðauka við þau lög, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

20. maí 1965. Nr. 60.

LÖG

um Laxárvirkjun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Laxárvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkisins og Akureyrarkaupstaðar. Eign ríkisins er 35 hundraðshlutar og Akureyrarkaupstaðar 65 hundraðshlutar. Þegar hafin verður næsta aukning vatnsaflsstöðvanna, á ríkið rétt á að gerast eigandi að 50 hundraðshlutum og kaupir þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu. Kaupverðið eða hluta þess má ríkið inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta lána og annarra greiðsluskuldbindinga fyrirtækisins. Kaupverð mannvirkja, sem fyrir eru, þegar lög þessi ganga í gildi, skal, ef samkomulag næst ekki, ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, en kaupverð þeirra mannvirkja, sem gerð eru eftir þann tíma, skal vera kostnaðarverð þeirra að frádreginni eðlilegri fyrningu.

Eignir Laxárvirkjunar eru núverandi vatnsaflsstöðvar í Laxá í Laxárgljúfrum við Brúar í Suður-Þingeyjarsýslu og aukningar þeirra allt að fullvirkjun árinnar, svo og miðlunarmannvirki við Mývatnsósa. Enn fremur núverandi aðalorkuveita til Akureyrar, eldsneytisaflstöð þar og aukningar þessara mannvirkja.

Laxárvirkjun skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðum fjárhag og reikningshaldi.

Heimili Laxárvirkjunar og varnarþing er á Akureyri.

2. gr.

Tilgangur Laxárvirkjunar er að vinna raforku fyrir núverandi orkuveitusvæði virkjunarinnar með eigin aflstöðvum eða afla hennar á annan hátt og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna frá aðalorkuveitu eða aflstöð.

Þegar tímabært er, að dómi ríkisstjórnarinnar, að leggja aðalorkuveitur frá Laxárvirkjun til Norðvesturlands, Skeiðfossvirkjunar og Austurlands, er Laxár-